

Sb.

67. Tillaga til þingsályktunar

[63. mál]

um umferðarmál.

Flm.: Ellert B. Schram, Sigurlaug Bjarnadóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir allsherjar endurskoðun og breytingum á lögum og reglugerðum um umferðarmál svo og öðrum þeim lögum, sem umferðarmál snerta og stuðlað geta að auknu umferðaröryggi og virkari meðferð umferðarlagabrota.

Greinargerð.

Á undanförnum 52 dögum hafa 14 íslendingar látið lífið í umferðarslysum. Þegar þetta er ritað liggja 4 manneskjur meðvitundarlausar á gjörgæsludeild Borgarspítalans af afleiðingum umferðarslysa. Á þessu ári hafa 27 manns beðið bana í umferðarslysum og eru það fleiri en nokkru sinni hafa látist á einu ári. Frá áramótum til októberloka hafa 595 manns slasast í umferðarslysum, þar af hefur 221 hlotið meiri háttar meiðsli og 324 hafa verið lagðir inn á sjúkrahús til lækni meðferðar vegna meiðsla er þeir hlutu í umferðarslysum.

Við þetta ástand verður ekki unað. Þessa alvarlegu þróun verður að stöðva. Ljóst er að grípa verður til róttækra og fljótvirkra aðgerða í umferðarmálum og skera upp herör gegn þessu alvarlega vandamáli.

Umferðarlöggjöf okkar er að meginstofni til frá 1958 þótt nokkrar breytingar hafi verið gerðar á henni síðan. Umferðarlög og reglugerðir þurfa að vera í stöðugri endurskoðun og ljóst er að mörg ný atriði hafa verið tekin upp í umferðarlöggjöf á Norðurlöndum og víðar í Evrópu á þessu tímabili sem ástæða er fyrir okkur íslendinga að taka upp. Þá er og nauðsynlegt að breyta gildandi ákvæðum laga um meðferð opinberra mála hvað varðar meðferð umferðarlagabrota, bæði með tilliti til skjótrar og greiðrar meðferðar slíkra mála og ekki síður þyngri viðurlaga við brotum á öryggisreglum í umferð.

Að mati sérfróðra manna er brýnast að taka eftirfarandi atriði til endurskoðunar:

1. Gildistíma bráðabirgðaskirteina fyrir byrjendur þarf að endurskoða og athuga hvort ekki sé rétt að lengja hann í 3 ár.
2. Setja þarf inn í reglugerð ákvæði um lágmarksmerkingu gangbrauta og strangari ákvæði umferðarlaga, er verndi gagnandi vegfarendur á gangbrautum.
3. Stuðla þarf að stóráukinni notkun ökuljósa og kemur til greina að skylda ökumenn til að aka með fullum ökuljósum allan sólarhringinn utan þéttbýlis frá 1. nóv. — 1. apríl.
4. Endurskoða þarf reglur um hámarkshraða í þéttbýli.
5. Taka þarf upp svonefnt punktakerfi (mistakakerfi), sem er mikilvæg slysavarnaráðstöfun og notað hefur hefur verið með góðum árangri erlendis.
6. Breyta þarf í verulegum atriðum reglugerð um gerð og búnað ökutækja, svo og umferðarmerki.
7. Endursemjja þarf reglugerð um ökukennslu, próf ökumanns o.fl. í heild sinni. Ökukennarar hljóti ekki löggildingu til ökukennslu fyrr en þeir hafi staðist ökukennarapróf að undangengnu námskeiði eða skólagöngu. Þeir verði síðan að sækja upprifjunarnámskeið með fárra ára millibili.
8. Settar verði ítarlegar reglur um framkvæmd ökuþrófa og jafnframt veitt heimild til að færa vissan hluta námsins inn í skólakerfið. Setja þarf reglur um ökuskóla og löggildingu þeirra, sem veita þeim forstöðu.

Hér er aðeins dregið á örfá atriði og hyggjast flutningsmenn þessarar tillögu fyrir sitt leyti flytja nokkur þingmál máli sínu til áherslu.